



### Skýringar

- Mörk deiliskipulagssvæðis
- Svæðisafmörkun
- Byggingarreitur
- Vegir
- Fjöldi bílastæða
- Ökukennsla og æfingasvæði
- Akstursípröttir - bifreiðar
- Akstursípröttir - vélhjól
- Skotæfingasvæði
- Hverfisverndar svæði
- Jarðvegsmön
- Hljóðgirðingar á jarðvegsmön
- Helgunarsvæði vegna háspennulínu sem verður sett í jörð
- Háspennulína sett í jörð
- Núverandi háspennumastur (til skýringar)
- Minjar
- Undirgöng
- Gönguleið



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 (hlufti)

### GREINARGERÐ

1. INNGANGUR
 

Með deiliskipulagi fyrir svæðið er Hafnarfjarðarbær að meta kröfum fyrir vaxandi vinsældir bifreiða-, vélhjóla- og skotíprötta. Með því að tryggja að iðkun aksturs og skotæfinga fái fastan samastöð með tilheyrandi aðstöðu og skipulögðum æfinga- og keppnisbrautum er í leiðinni minnkuð hættu á skemmdum á náttúrulegum svæðum

Megin markmið með uppbyggingu svæðisins er að sameina á einum stað fjölbreytta aðstöðu og æfingasvæði fyrir aksturs-, vélhjóla- og skotípröttir og þar með:

  - o stuðla að bættu umferðaröryggi
  - o færa utanvegaakstur inn á skipulagt svæði og bæta með því umgengni við náttúruna og minnka hættu á skemmdum á landi
  - o bjóða upp á ökukennslusvæði þar sem m.a. er hægt að æfa akstur við erfið skilyrði
  - o samnýta svæði fyrir mismunandi notendahöpa
  - o bjóða upp á skotæfingar þar sem fyllsta öryggis er gætt
2. NÚVERANDI ADSTÆÐUR
  - 2.1 Landnýting
 

Skipulagssvæðið er sem er um 80 ha er í dag staðsett mitt á milli iðnaðarsvæðis og náttúrulegs hraunjaðars. Núverandi starfsemi á svæðinu er kvartmilubraut, skotæfingasvæði og háspennulína sem þverar svæði frá austri til vesturs. Efnistaka hefur átt sér stað á stórum hluta svæðisins.
  - 2.2 Minjar
 

Samkvæmt fornleifaskráningu minjasafns Hafnarfjarðar eru allmargar minjar á þeim hluta svæðisins sem er ósornin. Um svæðið liggur gömul leið frá Straumsvík sem mótað hefur tróðning í hrauninu. Aðrar minjar eru ýmsar búsetumínjar s.s. gerði, fjárhellir og svökólluð Rauðamelsrétt.
3. SKIPULAGSMÁL
  - 3.1 Aðalskipulag
 

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og er ætlað fyrir aksturs- og skotípröttir. Aðliggjandi landnotkun er iðnaðarsvæði að sunnan, vestan og norðan en iðnaðar- og athafnasvæðum að austan. Auglýst hefur verið breyting á aðalskipulagi þar sem gert er ráð fyrir að núverandi háspennulína sem liggur um svæðið verði lögð í jörðu.
  - 3.2 Mat á umhverfisáhrifum
 

Samhlöða deiliskipulagssvinnu hafa Hafnarfjarðarbær unnið Umhverfismat fyrir deiliskipulagsáætlanina og er hún auglýst samhlöða deiliskipulaginu. Þar er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum og mengunarvörnum. Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki eru tilkynningarskyldar skv. gr. 11 í viðauka 2 við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun mun síðan meta hvort framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á landslag. Megin hluti svæðisins þar sem uppbygging á sér stað er þegar raskað af efnistöku og núverandi landnýtingu. Æfingasvæði fyrir vélhjól og hluti af hringakstursbraut er á ósornortu en fremur einseiltu hraunasvæði en þar verða malarbrautir felldar inn í landslagið. Stór samfelld hraunasvæði með fjölbreyttu landslagi og minjum er utan við framkvæmdasvæði og haldið ósornortu. Hávaðamengun. Sjá meðfylgjandi athugun sem unnin er í Línubönnun.
4. SKILMÁLAR FYRIR SVÆÐI (lengd og breidd brauta er til skýringar)
  - 4.1 Ökukennsla og æfingasvæði, stærð 39.903 m<sup>2</sup>
    - o Braut með bundnu slitlagi, a.m.k. 12 m breið og 200 m löng.

- o Braut (þurr bein braut) með lausu málaryfirborði, a.m.k. 12 m breið og 200 m löng.
- o Braut (hál bein braut) með yfirborði sem hægt er að gera hált, t.d. með því að sprauta vatni á brautina. a.m.k. 9 m breið og 100 m löng.
- o Braut (hál braut í boga) með sérstöku yfirborði sem hægt er að gera hált, t.d. með því að sprauta vatni á brautina. Brautin skal vera 80 metra löng og 9 m breið og í boga, radius 50 m frá tryr brún brautar. Í framhaldi af bogabrautinni skal vera 20 metra löng öryggisbraut með bundnu slitlagi.
- o Braut með bundnu slitlagi, a.m.k. 80 m löng og a.m.k. 5 m breið, skal vera samhlöða svæði með málaryfirborði sem skal vera hægra megin við fyrirtælaða akstursstefnu á brautinni. Svæðið skal vera a.m.k. 60 cm breitt og a.m.k. 8 cm lægri en yfirborð brautarinnar. Brún af braut á svæði skal vera a.m.k. 60° halla.
- o Aðkeyrslubraut skal vera til aksturs að öllum kennslubrautum. Gert er ráð fyrir að á henni sé með góðu móti unnt að ná 70 km/klst hraða og aka á þeim hraða um stund áður en ekið er inn á brautina sjálfa. Aðkeyrslubraut skal vera a.m.k. 180 m löng og a.m.k. 5 m breið.
- 4.2 Akstursípröttir - bifreiðar, stærð 151.382 m<sup>2</sup>
  - o Kvartmilubraut 402 m, heildarlengd 980 m með öryggissvæði. 11 m breið með bundnu slitlagi. Tengist hringakstursbrautum og mögulega ökukennslusvæði. Brautinni fylgir plan (pittur).
  - o Hringakstursbraut, 625 m löng, 10 m breið með bundnu slitlagi sem tengist kvartmilubraut og lengri hringakstursbraut.
  - o Hringakstursbraut, 1230 m löng, 10 m breið með bundnu slitlagi sem tengist kvartmilubraut og styttri hringakstursbraut.
  - o Go-Kart braut 700 m löng, 8 m breið með bundnu slitlagi tengist ípröttahúsi. Brautin er jafnframt hugsað fyrir ísakstur á hjólum yfir vetrartímann og er þá sprautað vatni á hana.
  - o Sandsþyrna, 200 m löng og 10 m breið braut innan minni hringakstursbrautar.
  - o Götukappakstur, á kvartmilu- og hringakstursbrautum.
- 4.3 Akstursípröttir - vélhjól, stærð 93.297 m<sup>2</sup>
  - o Motorcross 1,7 km löng malarbraut. Ráðlögð breidd er 8m en lámarks breidd er 5m. Ráskaflí skal vera 80m breiður og á milli 80m og 120m langur og leitast skal við að hafa fyrstu beygingu til hægri og 10m breiða. Brautinni fylgir startsvæði og plan (pittur).
  - o Minicross 0,7 km löng malarbraut. Brautinni fylgir plan (pittur).
  - o Ísakstur, 700 m löng, 8 m breið með bundnu slitlagi Brautin verður nýtt yfir vetrartímann og er þá sprautað vatni á hana. Jafnframt er hún ætluð fyrir go-kart á sumrin.
- 4.4 Skotæfingasvæði, stærð 61.080 m<sup>2</sup>

Skotstefna frá völlum er til norð-austurs til þess að þurfa ekki að miða á móti sól. Jarðvegsmön er við vellina og í útjarðri svæðisins.

  - o Skeet vellir, (olympísk keppnisgrein) tveir vellir 40 m breiðir og 20 m djúpir.
  - o Öryggissvæði í skotlinu 270 m, hættusvæði 50- 60 m.
  - o Nordisk Trapp völlum, (norran skotgrein) 25 m breiður og 15 m djúpur með 270 m öryggissvæði í skotlinu. Hættusvæði 50 - 60 m.
- 4.5 Hverfisverndað svæði, stærð 155.430 m<sup>2</sup>

Hverfisverndaða svæðið er umhverfis minjar og þann hluta af hrauninu sem er haldið öröskuðu. Hverfisverndaðu svæðum má ekki raska og er allur akstur innan þeirra bannaður. Viðkvæmstu svæðin verða afgirt.

5. SKILMÁLAR FYRIR BYGGINGAR
  - 5.1 Stjórnstöð og þjónustuhús fyrir akstursæfingasvæði
    - o Stærð byggingar allt að 500 m<sup>2</sup> á einni hæð
  - 5.2 Félagsheimili
    - o Stærð byggingar allt að 240 m<sup>2</sup> á einni hæð
  - 5.3 Ípröttahús
    - o Fyrir Supeross, Innahús Trail, BMX/Trial reiðhjól, hjólabretta- og línuskautarampar, klifurveggir, Go-kart
    - o Stærð byggingar allt að 8160 m<sup>2</sup>, (68x120 m) vegg hæð allt að 10 og mænishæð allt að 14 m.
  - 5.4 Stjórnstöð fyrir ökukennslu
    - o Stærð byggingar allt að 240 m<sup>2</sup> á einni hæð
  - 5.5 Félagsheimili og aðstaða fyrir skotæfingasvæði
    - o Stærð byggingar allt að 100 m<sup>2</sup> á einni hæð
    - o Tveir turnar og dómarskýli
  - 5.6 Dreifistöð fyrir HS með kvöð um aðkomu frá bílastæðavegi
    - o Stærð lóðar 11,4 x 7,2 m
6. BÍLASTÆÐI
  - 6.1 Félagsheimili, stjórnstöð, þjónusta og akstursípröttasvæði
    - o Gert er ráð fyrir samtals 432 bílastæðum á þremur bílastæðasvæðum.
  - 6.2 Ípröttahús
    - o Gert er ráð fyrir 96 bílastæðum.
  - 6.3 Ökukennslusvæði
    - o Gert er ráð fyrir 96 bílastæðum.
  - 6.4 Skotæfingasvæði
    - o Gert er ráð fyrir 80 bílastæðum.

Á öllu svæðinu er gert ráð fyrir samtals 724 bílastæðum.

7. JARÐVEGSMANIR
  - 7.1 Til þess að draga úr hávaðamengun er gert er ráð fyrir jarðvegsmönnum í samræmi við hljóðvistargreiningu Línubönnunar frá nóvember 2007 umhverfis motorcrossbrautir. Endanleg útfærsla þeirra er háð fyrirkomulagi á iðnaðarsvæðum sunnan við deiliskipulagið og væntanlegri iðnaðabygging við lok skipulagstímabilsins 2025. Hins vegar er gert ráð fyrir 2-4 m háum jarðvegsmönnum til aðskilnaðar á mismunandi starfsemi innan svæðisins og í jaðri þess. Þá er gert ráð fyrir að núverandi hraunjaðar verði nýttur sem hluti af jarðvegsmönnum. Jarðvegsmannir verði jafnframt nýttar sem áhorfendasvæði.
8. GÖNGULEIDIR
  - 8.1 Gömul gönguleið er mörkuð í hrauninu og er hún innan hverfisverndaðs svæðis. Gönguleiðin er hluti af forni leið frá Straumi og að Gjáseli, Fornaseli og Fjörborginni og skal vera aðgengileg fyrir útivistarfólk.
  - 8.2 Gönguleiðir á milli mismunandi svæða fylgja vegum og bílastæðum auk þess sem gert er ráð fyrir samnýtingu á undirgöngum fyrir gangandi og leið vélhjóla að motorcross brautum.

Deiliskipulag þetta var samþykkt af skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar þann \_\_\_\_\_

F.h. skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð samkvæmt 25. grein í lögum nr. 73/1997 m.s.br. var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann \_\_\_\_\_

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Skipulagsstofnun hefur fengið þessi gögn til yfirferðar samkvæmt lögum nr. 73/1997 m.s.br.

Deiliskipulag þetta öðlast gildi þann: \_\_\_\_\_

Breytt 9.júní 2008, vegna dreifistöðvar fyrir HS 21.07.2008 - bætt inn í "Umhverfisskýrsla deiliskipulagsins - niðurstaða og samantekt" - skv. Skipulagsstjórn

<b>Aksturs- og skotæfingasvæði í Kapelluhrauni</b>		Teikn. nr.: D-01	Breytt
		04.11.07	04.11.07
		Verk. nr.: 1400-DU07	14.12.07
		Hannað: YPL	07.04.08
			21.04.08
Dags: 31.10.2007 Mkv: 1:5000 Teikn: ypl, þrs			
Yngvi Þór Lottsson landslagsarkitekt FÍLA			